| | Gjöld. | | Kr. | Aur. |
|---|---|---|---|---|
| 1. | Til sakamála, lögreglumála og gjafsóknarmála m. fl. | | 900 | » |
| 2. | Endurgjald alþingiskostnaðar | | 1092 | 52 |
| 3. | Til yfirsetukvenna | | » | » |
| 4. | Til bólusetninga og annara heilbrigðismálefna | | 280 | » |
| 5. | Ferðakostnaður embættismanna | | 350 | » |
| 6. | Kostnaður við kennslu heyrnar- og málleysingja | | 1200 | » |
| 7. | Til sáttamálefna | | 50 | » |
| 8. | Endurgjald á lánum | | | |
| | a, lán vegna fjárkláðans | 1000 kr. | | |
| | b, lán í tilefni af fangelsisbyggingum | 664 — | 1664 | » |
| 9. | Kostnaður við amtsráðið | | 100 | » |
| 10. | Til varðkostnaðar | | 1120 | » |
| 11. | Ýmisleg útgjöld | | 100 | » |
| 12. | Sjóður við árslok | | 500 | » |
| | | Samtals | 7356 | 52 |
| | Tekjur: | | | |
| 1. | Í sjóði frá f. ári | | » | » |
| 2. | Niðurjöfnun á lausafje í amtinu | | 7356 | 52 |

Athugasemdir:

*Við 3. gjaldlið:* Til yfirsetukvenna er ekkert fje ætlað með tilliti til þess, að eptir lagafrumvarpi, sem samþykkt var á alþingi, á jafnaðarsjóðurinn að vera laus við slík gjöld.

*Við 10. gjaldlið:* Af hinum áætlaða varðkostnaði, að því leyti sem hann greiðist af jafnaðarsjóðnum, er hjer til færður helmingur, en hinn helmingurinn er ætlazt til að greiðist á árinu 1877.

Áætlunin er samin eptir fyrirmynd, sem landshöfðinginn yfir Íslandi hefur samþykkt fyrst um sinn.

Reykjavík, 23. október 1875.

*Bergur Thorberg.*

## Stjórnarbrjef og auglýsingar.

**66** 6ta septbr.

*Brjef landshöfðingja* (til amtmannsins yfir norður- og austur-umdœminu).

Tilkynnt amtmanninum, að bókagjöf frá Ameríku til amtsbókasafnsins á Akureyri hafi komið til Kaupmannahafnar og verið send þaðan með seglskipi beinlínis til Akureyrar.

**67** 21sta septbr.

*Brjef landshöfðingja* (til beggja amtmanna).

Með þessu brjefi var lagt fyrir amtmenn að gjöra það kunnugt í umdœmum þeirra, að Chr. Aug. Thorne í Moss í Noregi, sem á verkstað til að varðveita matvæli gegn skemmdum, og hefur kennt 2 Íslendingum aðferðina við að sjóða niður lax og sauðakjöt, hafi boðizt til að kenna öðrum Íslendingum kauplaust þessa iðn sína.

**68** 25ta septbr.

*Brjef landshöfðingja* (til amtmannsins yfir norður- og austur-umdœminu).

Með brjefi frá 21. júlí þ. á. senduð þjer herra amtmaður erindi bœjarfógetans á Ak-